

29. f. m. undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á., sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

1856.

7. júlí.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur- umdæmunum um lækningar „homöopatha“.

19. júlí.

Með bréfi 11. f. m. hefir herra amtmaðurinn sent hínagað eptirrit af tveim bréfum frá landlækni, Dr. Hjaltalín, þar sem hann kvartar yfir því, að homöopathar fást við lækningar í tæðu umdæmi, og hefir hann einkum heimtað, að draga mætti skottalækna þá, sem fást við lækniáðferð homöopatha, fyrir lög og dóm fyrir heimildarlausar lækningar þeirra og meðala sölu, og að öll meðöl homöopatha, sem finnast á norðurlandi, yrði gjörð upptæk, en þær hafið beðið dómsmálastjórnina að segja fyrir, hvernig að eigi að fara í þessu efni.

Í tilefni af þessu læt eg ekki hjá líða að skýra yður frá, að þareð ekki hefir verið tekið til nokkurt það víst tilfelli, að lækningar homöopatha hafi haft skadlegar afleiðingar eða að nokkurs manns lífi og heilsu af þeim hafi verið hætta búin, álltur stjórnin ekki, eptir því sem ástatt er, að amtið hafi haft nægar ástæður til að skipa að höfða mál móti hlutaðeigendum, og ekki er heldur ástæða til að gjöra upptæk meðöl þau, sem þeir kynni að hafa meðferðis, nema áður sé þau rannsökuð. Þareð samt sem áður menn þeir, sem hér rædir um, hvorki hafa vit á lækna störfum nè rétt til að gegna þeim, mun efflaust næg ástæða til þess, að svo miklu leyti unnt er, að hafa gætur á lækningum þeirra, og að sjá um að meðöl þau, sem þeir brúka, verði skoðuð, og þessvegna hefi eg með bréfi í dag skipað landlækni Hjaltalín, að hann annaðhvort sjálfur, ef honum gefst tækifæri til þess, fari norður til að skoða meðöl þessi, eða þá láti hlutaðeigandi héraðslækna gjöra það.

1856. Að öðru leyti vonast stjórnarráðið þess, að herra amtmaðurinn hafi gætur á lækningum homöopatha í norður- og austur-umdæmunum, og að þær, ef svo ber við að lífi og heilsu manna væri hætta búin, sjáið um, að hlutaðeigendum verði dregin fyrir lög og dóm.¹

12. septbr. **20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi um uppboðssölulaun af fiska hlutum þeim, sem lagðir eru Kaldaðarness spítala.**

Með þóknanlegu bréfi 16. maí þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn og þær, háæruverðugi herra, sent dómsmálastjórninni til úrlausnar bréf frá land- og bæjarfógeta, kansallráði Finsens, í hverju hann beiðist þess, at sér verði veitt vanaleg sölulaun fyrir að halda uppboð á fiskihlutum þeim, sem í Reykjavíkur kaupstaðar umdæmi og í Gullbríngu- og Kjósar sýslu falla undir Kaldaðarness spítala.

Um leið og eg get þess, að þetta mál, sem hér ræðir um, að öðru leyti heyrir undir úrskurð dómstólanna, þar einkum er komið undir þýðingu þá, er menn leggja í 20. grein í tilskipun 27. maí 1746 um spítala á Íslandi, verð eg þó útaf þessu að skýra frá til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar, að það er álit dómsmálastjórnarinnar, að beiðanda verði ekki neitað um uppboðssölulaun, en sé þetta viðurkennt, þá er ekki í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830 nokkur heimild fyrir því, að honum einungis beri lögskipuð sölulaun af upphæð þeirri sem kemur fram þegar öll boðin eru saman lögð, eins og herra stiptamtmaðurinn og þær háæruverðugi herra hafi álituð, því sölulaun á að telja, eins og vant er, af öllum uppboðsúgöðanum.

1) Stiptamtmanninum á Íslandi var sama dag skrifað bréf líks innihalds, og hann beiðinn að skýra landlækninum frá því, og láta svo stjórnina vita hvað gjört væri við þetta mál.